



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Venslasamningur liða

Samkvæmt neðangreindum samningi þá gera hér með liðin _____ (A) og _____ (V) í _____ (félag) með sér svohljóðandi venslasamning fyrir tímabilið frá dags: _____ og gildir til loka keppnistímabilsins _____.

Staður og dags: _____

Samþykkt liðs A: _____ fyrirliði.

Samþykkt liðs V: _____ fyrirliði.

Samþykkt félags: _____ stjórnarmaður.

Venslasamningur þessi er gerður samkvæmt Reglugerð KLÍ um venslasamninga liða – sjá hér að neðan.

Mótttekið dags _____ . Undirskrift f.h. KLÍ: _____

Reglugerð KLÍ um venslasamninga liða

Venslasamningur liða felur það í sér að tvö lið innan sama félags gera samning sín á milli um að lið í efri deild (hér eftir kallað lið A) og lið í neðri deild (hér eftir kallað lið V) geti skipst á leikmönnum á því tímabili sem samningurinn kveður á um. Eftir að slíkur samningur tekur gildi verða leikmenn hlutgengir með báðum liðum og mega því taka þátt í leikjum beggja liða í Íslandsmóti liða á viðkomandi leiktið.

Eftirfarandi reglur gilda um Venslasamninga liða:

1. Hverju liði er aðeins heimilt að gera einn venslasamning á hverju tímabili. Hægt er að gera venslasamning frá byrjun keppnistímabils (deilda) og til og með 31. janúar. Frá 1. febrúar og til loka keppnistímabils er lokað fyrir gerð venslasamninga.
2. Lið sem gera venslasamning mega ekki leika í sömu deild.
3. Gildistími venslasamnings er til loka þess keppnistímabils sem hann er gerður og skal samningur ekki taka gildi fyrr en hann hefur verið formlega staðfestur af KLÍ.
4. Allir löglegir leikmenn liða A og V heyra undir venslasamninginn og hafa rétt á að færast á milli liðanna, að því undanskildu að tveir leikjahæstu leikmenn liðs A mega ekki leika með liði V. Ef fleiri en tveir leikmenn liðs A eru með jafn marga leiki skal meðaltal gilda og þá mega tveir meðaltals hæstu (deildarmeðaltal) ekki leika með liði V. Ef leikmaður liðs A hefur ekki leikið með liðinu í þrjár umferðir eða meira, en er samt einn af tveimur leikjahæstu leikmönnum liðsins, má hann leika með liði V í fyrstu umferð eftir að hann hefur leik í deildarkeppni KLÍ aftur.
5. Leikmaður má ekki spila með báðum liðum í sömu leikviku í deildarkeppni. Leikvika hefst á mánudegi og lýkur á sunnudegi.
6. Leikmaður á rétt á einstaklingsverðlaunum í þeirri deild þar sem hann hefur leikið fleiri leiki, að uppfylltum öðrum skilyrðum um verðlaun í deildum.
7. Verði leikmaður uppvís að því að brjóta ofangreindar reglur dæmist skor hans að engu, og leikur þess liðs sem hann lék með síðar í leikvikunni telst því liði tapaður með fullu húsi stiga.
8. Lið sem brýtur gegn reglum þessum getur misst réttinn á venslasamning á næstu leiktið.
9. Leikmaður getur aðeins leikið í Bikarkeppni liða með því liði sem hann leikur með fyrr á hverju tímabili.
10. Leikmaður sem er á leikskýrslu (í Bikarkeppni liða) síns liðs án þess að kasta í viðkomandi viðureign telst engu að síður hafa tekið þátt í viðkomandi viðureign.
11. Aganefnd KLÍ fjallar um brot á reglugerð þessari.